

Margrét Sigurðardóttir

Æskuminningar frá Múlakoti

*Þáttur úr aldarafmælis dagskrá úrvarpsins um Guðbjörgu í Múlakoti 27. Júlí 1970,
Einnig birt í Gengnum slóðum fimmtíu ára afmælisriti Sambands sunnlenskra kvenna
fimmtíu ára 1928-1978*

Guðbjörg í Múlakoti er konan sem mér hefur orðið minnisstæðust og því fleiri sem árin verða, því gleggri verður mér mynd hennar. Mér hefur alltaf fundist hún vera órjúfanlega tengd íslensku vornóttinni, hljóð og hæglát en þó þrungin söng og lífi. Há og grannvaxin var hún og bein eins og öspin sem hún gróðursetti við bæinn sinn. Aldrei þurfti hún að brýna röddina, samt heyrðu allir sem hún talaði til. Þó hún ynni í eldhúsinu allan daginn, að matargerð handa tíu eða tuttugu manns, sá ég aldrei asa á henni, eða heyrði hana tala um tímaleysi. Störf hennar runnu fram í rétttri röð, hávaðalaust og án tafar eins og lygnt fljót. Með öllu því sem hún hafði að gera, man ég ekki eftir bletti eða hrukku á klæðum hennar og hárið fór óaðfinnanlega, skipt yfir miðju enni, snúið upp á lokkinn og brugðið í tvær fléttur.

Hvenær sem var gat hún komið út á hlað í eldhúsklæðum sínum og tekið á móti gestum, með sinni hógværu reisu og geislandi af gleði, svo að hver ferðalangur hlaut að finna að hann var aufúsugestur á þessum bæ.

Guðbjörg var ætíð fyrst á fætur og síðust í rúmið, því þegar heimilisfólk gekk til náða eftir langan og strangan vinnudag, þá byrjuðu frístundir hennar, sem mig grunar að hún hafi hlakkað til allan daginn. Guðbjörg var hin viðurkennda grasakona sveitarinnar og kunni ótal ráð til að græða sár og stilla verki, bæði manna og dýra, enda alltaf vel byrg af smyrslum, sem hún sauð sjálf úr grösom og jurtum og litunarmeistari var hún hinn mesti.

Það var ekki siður í þá daga að biðja börn að gera hlutina, venjan var að segja bara, gerðu þetta og farðu hitt og greyð mitt þegar best lét. En þegar Guðbjörg þurfti að láta safna efniviði í smyrslin sín, þá vorum við krakkarnir allt í einu orðnir trúnaðarmenn hennar.

Hún sagði okkur frá töframætti jurtanna svo að arfi og njólarætur, sem venjulega voru talin með illgresi, komust í flokk hinna þýðingarmestu grasa. Og þegar við vorum bograndi í brekkunni fyrir ofan bæinn, í leit að vallhumli, ljónslappa og muru, þá fann ég glöggt að mér hafði verið trúað fyrir miklu og það var hátíðisdagur.

En það eru nætur þessara vora, sem eru mér minnisstæðastar. Þær sögðu mér, að hún Guðbjörg væri systir vörgyðjunnar og þess vegna væri svo notalegt að vera í návist hennar. Hún sá og skildi betur en nokkur annar, veikan gróður, sem hlúa þurfti að.

Þessar vornætur í Múlakoti voru tvær jafnöldrur látnar vaka yfir túnum, sín á hvorum bæ, önnur á heimili foreldra sinna, hin aðkomubarn á hinum bænum. Þá var það eitt kvöld er vaka skyldi hefjast, að Guðbjörg segir okkur báðum að háttu og fara að sofa, hún hafi beðið vinnumann sinn að verja tún og engjar beggja bæja. (Tvíbýli hefur löngum verið í Múlakoti og er enn). Hún hafði tekið eftir því að önnur vökukonan, ekki hennar eigin, heldur hin, gekk með haltan og bólginn fót, en það þurfti heila og sterka fætur til að reka féð upp fyrir fjallsbrún, tvisvar og þrisvar á hverri nóttu.

Það var venja okkar stallsystra, þegar við komum úr fyrstu rekstrarferð næturinnar, að gá úti garð, hvort Guðbjörg væri þar ennþá krjúpanði á báðum hnjám við blómabeðin sín. Ef svo var, áttum við víst að geta gert eitthvert alvörugagn eð því að rétta henni ýmsa smáhluti, sem hún notaði við iðju sína. Hún muldi og strauk moldina blíðlega eins og barni áður en hún sáði fræi eða stakk plöntu niður og allt gréri og dafnaði í höndum hennar.

Skemmtilegast af öllu þótti mér að hjálpa til að girða blómabeðin. Girðingarnar voru svo litlar og fíngerðar, næstum eins og hjá okkur krökkunum, þegar við vorum í leik að girða tún og haga handa kjálkum og leggjum.

Staurarnir voru úr nýklypptum víðisprotum, allir jafnháir og sem líkastir að gildleika, en snúran úr grófu togbandi, þrinuðu saman af bláu, rauðu og hvítu.

Við stöllum stungum niður staurunum með jöfnu millibili og hún strengdi þráðinn. En eins og ég sagði gréri allt í höndum hennar. Innan fárra náttu voru flestir þessara litlu girðingarstaura orðnir allaufgaðir og mikil var undrun mín þegar ég sá að sumir teygðu blöðin ofanað moldinni, það hafði ég aldrei áður séð og skildi ekki fyrir en hún sagði mér, að við hefðum snúið stilkunum öfugt niður.

Í þessum garði lærði ég af vörum Guðbjargar mörg ljóð og lög, sem æ síðan hafa fylgt mér með sínum ljúfsára trega er gljúpt barnsgeðið varð altekið af. Hún var ekki fyrir komin út í garð en hún byrjaði að raula fyrir munni sér fallett lag, því þarna voru hennar unaðsstundir.

Aldamótaskáldin fundu mikið til og áttu marga óskadraum, sem aldrei gátu ræst. Þá voru farartækin færri og fábrotinari en nú, en ferðapráin engu minni. Þá gat mann langað í átján ár upp yfir fjöllin háu og meira en það, ljóðið endaði svona: „Ó, hve mig langaði yfir. Kemst aldrei meðan þú lifir.“

Oft fór hún með yndisfagurt lag við kvæði um svanina sem sungu á silungsvötnum fyrir ungan dreng og veröldin öll varð eitt óskaland. En viti menn, áður en varði var allt orðið að sorg og sýt, maður engdist eins og ormur undir síðustu vísunni, þegar „Burt var blóm af vanga og bros af vör“ og ennið hafði „hörkusvip og hjartað gömul ör“. Slík og þvílík örlög voru sárari en svo að umkomulítil tíu ára telpa gæti tára bundist. Samt var hún alltaf jafnsólgin í að heyra meira, enda voru tárin fljót að þorna við eitt eða tvö ættjarðarkvæði eins og t.d. „Fjalladrottning móðir mín“ eða „Sú rödd var svo fögur“. Þá réttist bakið og brjóstið varð aftur fullt af vornæturfriði.

Ræktun og fegrun landsins voru ekki einu áhugamál Guðbjargar í Múlakoti. Allt sem lífsanda dró, bæði menn og málleysingjar, nutu nærfærni hennar, alúðar og umhyggju.

Ævistarf hennar gerir söguna ríkari af þekkingu á óeigingjarnari, alhliða manngæsku til lærdóms og eftirbreytni ókomnum kynslóðum, sem vilja byggja hér betra land og efla fagurt mannlíf.